

Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2018 - fjárfestingaáætlun

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á fjárfestingaráætlun A-hluta Reykjavíkurborgar.

Stofnkostnaður fasteigna:

1. Vesturbæjarskóli – viðbygging.

Fjárfestingarheimild vegna Vesturbæjarskóla viðbyggingar og breytinga í eldra húsi verði hækkuð um 260 m.kr. og verði með breytingum 750 m.kr. í heild á árinu í stað 490 m.kr. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við viðbyggingu muni að mestu ljúka á árinu 2018

2. Klettaskóli sérskóli.

Fjárfestingarheimild vegna Klettaskóla viðbyggingar og breytinga í eldra húsi verði hækkuð um 370 m.kr og verði með breytingum 1.150 m.kr. í heild á árinu 2018 í stað 780 m.kr. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við viðbyggingu og breytingar í eldra húsi muni að mestu ljúka á árinu 2018.

Lagt er til að útgjaldaauki verði fjármagnaður með lækkun á stofnkostnaði fasteigna um 410 m.kr. og lækkun á stofnkostnaði gatna um 220 m.kr. Framangreindar breytingar hafa eftirfarandi áhrif á einstaka kostnaðarstaði fjárfestingaráætlunar:

| Kostn. staður | | Endurskoðuð áætlun 2018 | Breyting | Endurskoðuð áætlun 2018 með breytingum |
|---------------|---|-------------------------|-----------------|--|
| 1103 | Menningar- og ferðamálasvið | 521.700 | 0 | 521.700 |
| 1104 | Skóla- og frístundasvið - grunnskólar | 3.465.000 | 630.000 | 4.095.000 |
| 1106 | Skóla- og frístundasvið - leikskólar | 607.500 | 0 | 607.500 |
| 1105 | Íþrótt- og tómsundasvið | 2.201.100 | -290.000 | 1.911.100 |
| 1107 | Velferðarsvið | 400.800 | 0 | 400.800 |
| 1108 | Ýmsar fasteignir | 1.504.500 | -120.000 | 1.384.500 |
| 1112 | Bílastæðasjóður | 0 | 0 | 0 |
| | Stofnkostnaður fasteigna samtals | 8.700.600 | 220.000 | 8.920.600 |
| 3102 | Þjóðvegir, hluti Reykjavíkur og aðrar umferðargötur | 665.000 | 0 | 665.000 |
| 3104 | Nýbyggingarhverfi | 2.257.000 | -90.000 | 2.167.000 |
| 3105 | Miðborgin | 567.000 | -20.000 | 547.000 |
| 3106 | Umhverfis- og aðgengismál | 1.067.000 | -20.000 | 1.047.000 |
| 3107 | Umferðaröryggismál | 80.000 | -30.000 | 50.000 |
| 3108 | Umhverfissvið - Ýmsar framkvæmdir | 2.202.600 | -60.000 | 2.142.600 |
| | Stofnkostnaður gatna samtals | 6.838.600 | -220.000 | 6.618.600 |
| 2101 | Áhöld, tæki og hugbúnaður | 1.129.000 | 0 | 1.129.000 |
| 2112 | Áhöld og tæki Bílastæðasjóðs | 150.000 | 0 | 150.000 |
| 4101/4102 | Ný byggingarsvæði, þróun og uppbygging | 2.394.200 | 0 | 2.394.200 |
| 7101/7102 | Endurbætur og meiriháttar viðhald | 1.090.000 | 0 | 1.090.000 |
| | Aðrar fjárfestingar samtals | 4.763.200 | 0 | 4.763.200 |
| | Samtals fjárfesting | 20.302.400 | 0 | 20.302.400 |

Ofangreindar breytingar leiða til lækkunar á eftirfarandi verkum fjárfestingaráætlunar:

| Verk nr. | | Endurskoðuð áætlun 2018 | Breyting | Endurskoðuð áætlun 2018 með breytingum |
|----------|--|-------------------------|-----------------|--|
| 20305 | ÍR Suður Mjódd Heildarsvæði | 229.000 | -150.000 | 79.000 |
| 20301 | Sundlaug Úlfarsbraut | 200.000 | -100.000 | 100.000 |
| 20838 | Skautsvellið í Laugardal | 140.000 | -40.000 | 100.000 |
| 20844 | Þönglabakki 4 | 140.000 | -120.000 | 20.000 |
| | Stofnkostnaður fasteigna samtals breyting | | -410.000 | |
| 30442 | Elliðavogur - Vogabyggð | 300.000 | -50.000 | 250.000 |
| 30406 | Norðlingaholt | 35.000 | -20.000 | 15.000 |
| 30454 | Gufunes | 120.000 | -20.000 | 100.000 |
| 30633 | Götulýsing - LED væðing | 100.000 | -20.000 | 80.000 |
| 30703 | Hraðahindrandi aðgerðir | 80.000 | -30.000 | 50.000 |
| 30523 | Austurstræti og Lækjartorg | 50.000 | -20.000 | 30.000 |
| 30861 | Samgönguás | 100.000 | -50.000 | 50.000 |
| 30860 | Almenningssalemi | 15.000 | -10.000 | 5.000 |
| | Stofnkostnaður gatna samtals breyting | | -220.000 | |
| | Breyting samtals | | -630.000 | |

Greinargerð:

Gert er ráð fyrir að útgjaldaauki rúmast innan gildandi fjárfestingaráætlunar í samræmi við hjálagða verkstöðuskýrslu sem miðar við stöðu fyrstu 9 mánuði ársins. Áætluð útkoma ársins 2018 skv. henni er **20.296 m.kr.** að teknu tilliti til ofangreindra breytinga. Ofangreindar breytingatillögur rúmast því

innan áætlunar án breytinga á heildaráætlun.

Breytingin kallar ekki á endurskoðun á rekstri eða fjárflæði A-hluta eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Verkstöðuskýrsla nýframkvæmda – janúar - september 2018.

Vesturbæjarskóli – viðbygging og breytingar í eldra húsi.

Klettaskóli – viðbygging og breytingar í eldra húsi.

VERKSTAÐA
NÝFRAMKVÆMDA
JAN-SEPT



EIGNASJÓÐUR
FJÁRFESTINGAR
2018

| | | |
|--|-------------------|---------------|
| Til fasteigna og stofnbúnaðar voru áætlaðar | 8.555.100 | þús.kr |
| Til gatna- og umhverfisframkv. voru áætlaðar | 6.838.600 | þús.kr |
| Til annarra fjárfestinga voru áætlaðar | 4.908.700 | þús.kr |
| Fjárfestingaráætlun samtals (brúttó) | 20.302.400 | þús.kr |

Raunkostnaður 30.09.2018 nemur alls (brúttó) **14.710.578 þús.kr.**
þús.kr.

Áætluð útkoma ársins 2018 (brúttó) **20.296.268 þús.kr.**



| EIGNASJÓÐUR | | | | | |
|---|-----------------|-------------------------|-------------------------|-------------------|-------------|
| VERK- OG KOSTNAÐARSTAÐA JANÚAR - SEPTEMBER 2018 | | | | | |
| MÁLAFLOKKUR | KOSTN STAÐUR | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNAÐARST. 2018 09 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA | % |
| Menningar- og ferðamálasvið | 1103 | 521.700 | 374.226 | 556.700 | 107% |
| Skóla- og frístundasvið | 1104+6 | 4.072.500 | 3.580.640 | 4.702.500 | 115% |
| Íþróttta- og tómstundasvið | 1105 | 2.201.100 | 1.119.642 | 1.890.600 | 86% |
| Velferðarsvið | 1107 | 400.800 | 402.145 | 401.300 | 100% |
| Ýmsar fasteignir | 1108 | 1.359.000 | 945.029 | 1.244.024 | 92% |
| FASTEIGNIR OG STOFNBÚNAÐUR | | 8.555.100 | 6.421.682 | 8.795.124 | 103% |
| Þjóðvegir, hl. Rvk og aðr. umf.götur | 3102 | 665.000 | 343.065 | 696.449 | 105% |
| Nýbyggingahverfi | 3104 | 2.257.000 | 1.235.984 | 2.102.350 | 93% |
| Endurnýjun í miðborginni | 3105 | 567.000 | 381.378 | 603.337 | 106% |
| Umhverfis- og aðgengismál | 3106 | 1.067.000 | 589.558 | 996.806 | 93% |
| Umferðaröryggismál | 3107 | 80.000 | 22.520 | 50.000 | 63% |
| Ýmsar framkvæmdir | 3108 | 2.202.600 | 1.480.415 | 2.084.269 | 95% |
| GÖTUR OG UMHVERFI | | 6.838.600 | 4.052.920 | 6.533.211 | 96% |
| Áhöld, tæki og hugbúnaður | 2101+12 | 1.279.000 | 801.625 | 1.249.000 | 98% |
| Lóðir, lönd og skipulagseignir | 4101+2 | 2.539.700 | 2.562.462 | 2.608.933 | 103% |
| Endurbætur, meiriháttar viðhald | 7101+2 | 1.090.000 | 871.889 | 1.110.000 | 102% |
| AÐRAR FJÁRFESTINGAR ALLS | | 4.908.700 | 4.235.976 | 4.967.933 | 101% |
| | | | | | |
| SAMTALS FJÁRFESTINGAR (BRÚTTÓ) | | 20.302.400 | 14.710.578 | 20.296.268 | 100% |
| Gatnagerðargj. fráveita stofngjald | 3100 | -3.400.000 | -2.705.566 | -3.400.000 | |
| Bílastæðagjöld húsbyggjenda | 1112 | | -69.002 | -72.000 | |
| SAMTALS FJÁRFESTINGAR (NETTÓ) | | 16.902.400 | 11.936.010 | 16.824.268 | 100% |

| 1103 MENNINGAR- OG FERÐAMÁL | | | | | |
|-----------------------------|-----------------------------------|---|----------------------|----------------|----------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 20033 | Kjarvalsstaðir | Endurbætur á snyrtingum. Er í hönnun. | 5.000 | 860 | 5.000 |
| 20036 | Borgarleikhús Listabraut 3 | Kaup á hljóð- og lýsingarbúnaði og nýtt stjórnborð fyrir flugkerfi. Endurnýjun sæta í stóra sal. Undirbúningur fyrir endurbætur á salernisaðstöðu en framkvæmdum frestað til næsta árs. | 80.700 | 66.667 | 80.700 |
| 20037 | Árbæjarsafn | Kaup á geymsluhillum og uppsetning vatnsúðakerfis í Skemmu 1. Hönnun á skýli yfir Pionér eimreið og Bríeti valtura. | 25.000 | 9.629 | 25.000 |
| 20094 | Ásmundarsafn | Starfsmannaaðstaða | 5.000 | 0 | 5.000 |
| 20039 | Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsi | Unnið í samráði við safnstjóra. | 5.000 | 650 | 5.000 |
| 20114 | Menningarmiðstöð Gerðubergi 3 - 5 | Hönnun lýsingar á bókasafni. | 1.000 | 293 | 1.000 |
| 20195 | Tjarnarbíó | Kaup á sviðsbúnaði. Í ferli. | 5.000 | 2.703 | 5.000 |
| 20282 | Grófarhús, Tryggvagata 15 | Frágangur viðbyggingar. | 30.000 | 8.613 | 30.000 |
| 20300 | Menningarmiðstöð Úlfarsárdal | Hönnun og uppsteypa menningarmiðstöðvar. | 150.000 | 43.284 | 150.000 |
| 20574 | Aðalstræti 10 | Unnið er að hönnun. Hluti sýningar komin upp. | 35.000 | 30.685 | 35.000 |
| 20829 | Sjóminjasafn, Grandagarður 8 | Sýning opnuð 8.júní. | 180.000 | 210.841 | 215.000 |
| | 1103 | SAMTALS | 521.700 | 374.226 | 556.700 |



| 1104 / 1106 SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ | | | | | |
|-------------------------------------|---|--|----------------------|------------------|------------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 20001 | Austurbæjarskóli | Breyting á húsnæði spennistöðvar. | 60.000 | 14.823 | 50.000 |
| 20026 | Vogaskóli | Hljóðvistaraðgerðir, nýjar lokanir fyrir kennslurými, 2. áfangi. | 25.000 | 21.451 | 25.000 |
| 20030 | Endurbygging skólalóða | Háleiti/Hvassaleiti, Háleiti/Álftamýri, Hagaskóli, Grandaskóli. Átaksverkefni í Háteigsskóla, Ártúnsskóla, Kelduskóla-Vík, Rimaskóla, Vættaskóla-Borgum, Vættaskóla Engi, Laugarnesskóla, Selásskóla, Húsaskóla og tilfallandi verkefni. | 400.000 | 309.121 | 440.000 |
| 20092 | Safnliður | Ýmis tilfallandi frágangs-, öryggis- og aðgengismál. | 50.000 | 30.668 | 50.000 |
| 20152 | Leik- og grunnskóli við Úlfarsbraut | Framkvæmdir við uppsteypu og frágang á 2. áfanga. Hluti nýbyggingar og lóðar tekin í notkun haustið 2018. | 1.500.000 | 1.247.584 | 1.500.000 |
| 20180 | Gufunesbær | Skrifstofugámar. | | 12.112 | 12.500 |
| 20183 | Vesturbæjarskóli - viðbygging | Framkvæmdir við 1.340 m ² viðbyggingu og breytingar í eldra húsi. | 490.000 | 617.150 | 750.000 |
| 20247 | Klettaskóli, Suðurhlíð 9 | Framkvæmdir við 3.400 m ² viðbyggingu og breytingar á eldra húsi. | 780.000 | 921.532 | 1.150.000 |
| 20285 | Endurnýjun mötuneyta í grunnskólum | Breiðholtsskóli, Hólabrekkuskóli o.fl. | 70.000 | 47.376 | 80.000 |
| 20267 | Boltagerði | Grandaskóli, Hvassaleiti og endurnýjun á gúmmí á nokkrum völlum. | 60.000 | 62.621 | 65.000 |
| 20778 | Greining á þörf frekari uppbyggingar skóla í vestur og austurbæ | Hagaskóli, Melaskóli, Háteigsskóli, Austurbæjarskóli, Laugarnesskóli og Skerjafjörður. | 25.000 | 1.294 | 10.000 |
| 20306 | Gerðuberg 1 - Miðberg | Hönnun. Endurbygging efstu hæðar. | 5.000 | 1.601 | 5.000 |
| | 1104 | SAMTALS | 3.465.000 | 3.287.332 | 4.137.500 |



VIÐBYGGING VIÐ KLETTASKÓLA



VESTURBÆJARKÓLI VIÐBYGGING


| 1104 / 1106 SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ | | | | | |
|-------------------------------------|-----------------------------------|--|----------------------|----------------|----------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 20101 | Nýjar leikskóladeildir | Smíði færanlegra leikskólastofa. Breyting vegna ungbarnadeilda o.fl. Samþykkt borgarráði 22.mars 2018. | 262.500 | 84.765 | 230.000 |
| 20190 | Safnliður, frágangsverk | Ýmis tilfallandi frágangs-, öryggis- og aðgengismál. Nóaborg- Breytingar vegna starfsmannamála. Sunnuborg - Útbúa rými fyrir starfsmannaaðstöðu. | 30.000 | 24.843 | 30.000 |
| 20297 | Steinahlíð | Bætt aðkoma og bílastæði. Eftirstöðvar. | 5.000 | 924 | 5.000 |
| 20298 | Endurbætur mótuneyta í leikskólum | Unnið er að úttekt á mótuneyti leikskóla og kaup á búnaði. Endurbætur á eldhúsi í Bakkaborg. | 50.000 | 14.474 | 35.000 |
| 20068 | Endurgerð leikskólalóða | Sóhlíð, Seljaborg, Kvistaborg og tilfallandi verkefni. Átaksverkefni: Gullborg , Njörvi, Laufskálar, Sólborg og Árkvörn. | 175.000 | 106.827 | 175.000 |
| 20398 | Suðurborg | Viðbygging og endurbætur. | 85.000 | 61.475 | 90.000 |
| | 1106 | SAMTALS | 607.500 | 293.308 | 565.000 |

| 1105 ÍTR | | | | | |
|----------|--|---|----------------------|----------------|---------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 20041 | Fjölskyldu- og húsdýragarður í Laugardal | Fræðslu- og starfsmannahús. Endurnýjun ýmiss búnaðar. Dýrahús fyrir óskiladýr. Hönnun á Svínahúsi. | 140.000 | 115.252 | 140.000 |
| 20043 | Sundhöll Reykjavíkur v. Barónsstíg | Ný útilaug og viðbygging ásamt endurbótum í eldra húsi. Endurgerð á kvennaklefum, efniskaup. Samþykkt í Borgarráði 26.apríl 2018. | 150.000 | 106.864 | 150.000 |
| 20045 | Gervigrasvellir | Ýmsar lagfæringar. | 10.000 | 910 | 10.000 |
| 20046 | Bláfjöll skíðasvæði | Búnaðarkaup skv. fjárfestingaráætlun skíðasvæða. | 45.000 | 0 | 45.000 |
| 20128 | Þjónustuhús við tjaldsvæði í Laugardal | Frágangur á svæði fyrir húsbíla og ný heimtaug. | 20.000 | 17.338 | 20.000 |
| 20171 | Dalhús íþróttasvæði Fjölnis, stúka | Er í biðstöðu. | 5.000 | 1.320 | 5.000 |
| 20172 | Fylkir aðalvöllur | Gervigras, ljós o.fl. skv. samningi. | 400.000 | 218.701 | 400.000 |
| 20198 | Úlfarsárdalur, íþróttasvæði | Fram, hönnun íþróttarhúss. | 125.000 | 51.811 | 125.000 |
| 20233 | Laugardalslaug | Tímatökubúnaður og hönnun varðturns við aðallaug. | 8.000 | 7.239 | 8.000 |
| 20248 | Breiðholtslaug | Rennibraut, kaldur pottur, útiskýli, geymsluskúr, yfirborðsfrágangur kringum laug og leiktæki. | 88.000 | 13.222 | 88.000 |
| 20262 | Endurnýjun áhalda og tækja | Samkv. áætlun ÍTR. | 26.100 | 6.568 | 26.100 |
| 20265 | Þróttur stúka | Endurbætur á yfirbyggingu stúku, ný sæti og fjölmiðlaaðstaða. Frá fyrra ári. | | 8.349 | 8.500 |

| 1105 ÍTR | | | | | |
|----------|---|--|----------------------|------------------|------------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 20268 | Víkingur grassvæði | Endurbætur á tennisvöllum. Gervigras, lýsing á aðalvöll samkvæmt samningi. | 60.000 | 38.108 | 50.000 |
| 20299 | Frjálsíþróttavöllur S-Mjódd | Frjálsíþróttavöllur og þjónustuhús | 500.000 | 355.487 | 480.000 |
| 20301 | Sundlaug Úlfarsbraut, Inni- og útilaug | Uppsteypa í gangi. | 200.000 | 15.910 | 100.000 |
| 20303 | Úlfarsárdalur, íþróttahús Úlfarsbraut | Fært yfir á verknr.20301 | | 13.085 | |
| 20305 | ÍR Suður-Mjódd heildarsvæði | Alútboð lokið fyrir um 5000 m ² fjölnotahús fyrir knattsvæði og frjálssar íþróttir. | 229.000 | 16.493 | 80.000 |
| 20320 | Gervigrasvöllur í Laugardal - endurnýjun mannvirkja | Ýmsar lagfæringar. | 5.000 | 3.977 | 5.000 |
| 20780 | Grasvöllur þróttar í Laugardal | Niðurrif á stúku og girðingu. Landmótun eftir rif og frágangur svæða með þökulögn. Bætt aðgengi. | 50.000 | 47.899 | 50.000 |
| 20838 | Skautasvellið í Laugardal | Bygging yfir frysti- og tæknibúnað og tenging kælikerfis. Gólfefni á búningsherbergi o.þ.h. | 140.000 | 81.110 | 100.000 |
| | 1105 | SAMTALS | 2.201.100 | 1.119.642 | 1.890.600 |



SUNDHÖLL REYKJAVÍKUR -



ÞRÓTTUR LAUGARDAL - ENDURNÝJUN STÚKU



FRJÁLSÍÞRÓTTAVÖLLUR Í MJÓDD

| 1107 VELFERÐARVIÐ | | | | | |
|-------------------|--------------------------------------|---|----------------------|----------------|----------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 20202 | Hjúkrunarheimili við Sléttuveg | Samkv. samningi milli ríkis og borgar. | 186.800 | 271.555 | 186.800 |
| 20258 | Verkefni v/skammtíma- og dagvistunar | Hólaberg - skammtíma- og dagvistun fyrir fatlaða. | 200.000 | 129.081 | 200.000 |
| 20275 | Þjónustumiðstöð við Spöng | Uppgjör. | | 309 | 500 |
| 20259 | Gistiskýli Lindargötu 48 | Breytingar. | 5.000 | 1.181 | 5.000 |
| 20307 | Smáhýsi | Útboð á 20 smáhýsum fyrir heimilisláusa. Tilboð opnuð í desember. | 4.000 | 20 | 4.000 |
| | Grandagarður 1a | Hönnun á neyðarskýli. | 5.000 | | 5.000 |
| | 1107 | SAMTALS | 400.800 | 402.145 | 401.300 |

1107 VELFERÐARSVÍÐ

VERKSTÖÐUSKÝRSLA NÝFRAMKVÆMDA JANÚAR - SEPTEMBER 2018



HJÚKRUNARHEIMILI VIÐ SLÉTTUVEG

| 1108 ÝMSAR FASTEIGNIR | | | | | |
|-----------------------|-------------------------------|---|----------------------|----------------|------------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 20090 | Tjarnargata 12 | Vegna fjölgunar borgarfulltrúa. | 10.000 | 11.564 | 15.000 |
| 20266 | Hlemmur mathöll | Uppgjör við arkitekt og lagfæringar á loftræsikerfi. | 25.000 | 18.050 | 25.000 |
| 20269 | Grasagarður í Laugardal | Endurgerð á innviðum 110 m ² glerskála. Ætlað sem fræðslu- og viðburðahús. Einnig unnið að stækkun á núv. veitingasal. | 33.000 | 31.329 | 33.000 |
| 20278 | Ráðhús | Breytingar í skrifstofurýmum og borgarstjórnarsal. | 110.000 | 51.086 | 110.000 |
| 20805 | Nauthólsvegur 100 | Endurbuygging. | 150.000 | 146.869 | 150.000 |
| 20825 | Varmahlíð 1, Perlan | Kaup á tönkum af OR. Lokaframkvæmdir samkvæmt samningi. | 650.000 | 597.467 | 650.000 |
| 20840 | Hverfabækistöð Fiskislóð 37c. | Undirbúningur, hönnun, forval og útboð ásamt byggingarframkvæmdum. | 150.000 | 32.239 | 150.000 |
| 20843 | Hestháls 14 | Breytingar og endurbætur á húsnæði Strætó að Hesthálsi vegna flutnings starfsemi frá Þönglabakka. | 72.000 | 27.144 | 72.000 |
| 20845 | Breknaás 9. | Kaup á 45,2 % eignahluta. | 19.000 | 19.259 | 19.000 |
| 20844 | Þönglabakki 4 | Verkefnið í endurskoðun. | 140.000 | 9.997 | 20.000 |
| | 1108 | SAMTALS | 1.359.000 | 945.029 | 1.244.024 |

| 1112 BÍLASTÆÐASJÓÐUR | | | | | |
|----------------------|-----------------------------|----------------------|----------------------|----------------|----------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 20521 | Bílakjallari Geirsgötu | | 0 | | 0 |
| 30012 | Bílastæðagjöld húsbyggjenda | | | -69.002 | -72.000 |
| | 1112 | SAMTALS | 0 | -69.002 | -72.000 |

| GATNA- OG HEIMÆÐARGJÖLD STOFNKOSTNAÐUR | | | | | |
|--|---------------------------|----------------------|----------------------|-------------------|-------------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 30000 | Gatnagerðagjöld | | | -1.447.859 | -1.700.000 |
| 30002 | Heimæðagjald | | | | |
| 30003 | Viðbótar-gatnagerðargjöld | | | -1.257.707 | -1.700.000 |
| 30006 | Fráveita stofngjald | | | | |
| 30007 | Skráningagjald lóða | | | | |
| | SAMTALS | | 0 | -2.705.566 | -3.400.000 |

| 3102 ÞJÓÐVEGIR (HLUTI REYKJAVÍKUR) OG AÐRAR UMFERÐARGÖTUR | | | | | |
|---|--|--|----------------------|----------------|----------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 30204 | Miðlæg umferðarstýring | Kaup og uppsetning á hugbúnaði. | 30.000 | 19.829 | 30.000 |
| 30211 | Ýmsar framkvæmdir | Hönnun næstu áfanga. | 5.000 | 1.856 | 5.000 |
| 30221 | Vesturlandsvegur | Deiliskipulag á Kjalarnesi. | 10.000 | -31.892 | 10.000 |
| 30229 | Ýmsar framkvæmdir með Vegagerðinni. | Hringtorg við Esjumela og ýmis verkefni til að greiða fyrir umferð og bæta umferðaröryggi. | 140.000 | 85.475 | 140.000 |
| 30230 | Strætó forgangur og úrbætur | Samstarfsverkefni með Vegagerðinni, forgangsreinar á Miklubraut við Rauðagerði og Klambratún, eftirstöðvar. Auk þessa 4 biðstöðvar vegna lokunar gömlu Hringbrautar. | 240.000 | 77.581 | 240.000 |
| 30236 | Geirsgata-Lækjargata | Færsla gatna samkvæmt nýju skipulagi. | 180.000 | 154.061 | 200.000 |
| 30237 | Fellsvegur | Stígagerð tengd Fellsvegi, frágangur. Eftirstöðvar. | | 449 | 449 |
| 30239 | Laugalækur, grenndarstöð og torg | Framkvæmdum frestað. | 10.000 | 2.784 | 10.000 |
| 30242 | Miklubraut í stökk | Undirbúningur. | 15.000 | 4.267 | 10.000 |
| 30243 | Arnarbakki | Aðkoma, bílastæði og frágangur. Framkvæmdum lokið. | 20.000 | 23.503 | 36.000 |
| 30244 | Ljósleiðaravæðing utan þéttbýlis - R17090130 | | 15.000 | 5.152 | 15.000 |
| | 3102 | SAMTALS | 665.000 | 343.065 | 696.449 |

3102 ÞJÓÐVEGIR (HLUTI REYKJAVÍKUR) OG AÐRAR UMFERÐARGÖTUR
VERKSTÖÐUSKÝRSLA NÝFRAMKVÆMDA JANÚAR - SEPTEMBER 2018



GEIRSGATA - LÆKIARGATA

| 3104 NÝBYGGINGAHVERFI | | | | | |
|-----------------------|-----------------------------------|---|----------------------|----------------|---------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 30402 | Gönguleiðir, ræktun og frágangur. | Ýmis smærri verkefni . Stígur í Ártúnsholti. | 50.000 | 36.170 | 50.000 |
| 30406 | Norðlingaholt | Ýmis frágangur í hverfinu, gangstéttar o.fl. | 35.000 | 10.308 | 15.000 |
| 30409 | Úlfarsárdalur | Ýmis frágangur í hverfinu, einkum snjóbræðslukerfi, gangstéttar og gerð leiksvæðis. | 150.000 | 111.721 | 150.000 |
| 30412 | Þétting byggðar o.fl. | Einholt/Þverholt, Brautarholt 7, Lýsisreitir, Seljavegur, Sóltún o.fl. Undirbúningur í Skeifunni, frágangur við Suðurlandsbraut 68-70 o.fl. | 85.000 | 57.821 | 85.000 |
| 30413 | Hádegismóar | Frágangur eftir því sem uppbyggingu á lóðum miðar áfram. | 10.000 | 548 | 5.000 |
| 30416 | Blikastaðavegur (Stekkjarekkur) | Undirbúningur vegna breytinga á Blikastaðavegi við Korputorg. | | 137 | 350 |
| 30419 | Kirkjusandur | | 0 | 0 | 0 |
| 30423 | Almannadalur, hesthúshverfi | Ýmis frágangur, reiðstígar o.fl. | 10.000 | -98 | 10.000 |
| 30424 | Hallar | Frágangur borgarlands eftir því sem uppbyggingu á lóðum miðar. | 10.000 | 156 | 10.000 |
| 30425 | Sléttuvegur - nýtt íbúðahverfi | Frágangur borgarlands eftir því sem uppbyggingu á lóðum miðar. | 20.000 | 6.375 | 15.000 |
| 30427 | Reynisvatnsás | Ýmis frágangur í hverfinu, m.a. ræktun og stígagerð. | 20.000 | 11.519 | 20.000 |
| 30429 | Esjumelar | Gangstéttar og ræktun ásamt verkhönnun næsta skipulagsáfangar. | 20.000 | 3.311 | 20.000 |
| 30431 | Úlfarsárdalur | Stækkun núverandi hverfis. Lóðir byggingahæfar í nóv/des. | 500.000 | 226.834 | 500.000 |
| 30433 | Landspítali | Undirgöng og stígagerð í tengslum við framkvæmdir á Landsspítalareit. | 50.000 | 5.969 | 30.000 |
| 30435 | Stúdenta- og vísindagarðar HÍ | Gatnagerð í tengslum við uppbyggingu. | 50.000 | 1.370 | 50.000 |
| 30437 | Mýrargata - Slippasvæði | Verkhönnun og gatnagerð. | 10.000 | 2.456 | 10.000 |
| 30441 | Hlíðarendasvæði | Framkvæmdir í gangi. | 300.000 | 215.960 | 300.000 |

| 3104 NÝBYGGINGAHVERFI | | | | | |
|-----------------------|----------------------------|--|----------------------------|-------------------|------------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 30442 | Elliðavogur - Vogabyggð | Framkvæmdir við 1. áfanga í Vogabyggð 2 er lokið. Landfyllingar í Vogabyggð 1 að hefjast. | 300.000 | 205.285 | 250.000 |
| 30443 | Vatnsmýri | Rannsóknarvinna. | 35.000 | 29.598 | 35.000 |
| 30444 | Ártúnshöfði | Unnið er að skipulagi, forhönnun og öðrum undirbúningi. | 50.000 | 19.429 | 40.000 |
| 30446 | Kirkjusandur | Framkvæmdir í gangi. | 95.000 | 68.956 | 95.000 |
| 30447 | Eggertsgata | Uppgjör. | 25.000 | 22.141 | 25.000 |
| 30448 | Gylfaflöt og Bæjarflöt | Frágangur gönguleiða og ræktun. | 5.000 | 240 | 5.000 |
| 30450 | Vigdísartorg | Hlutur RVK. | 92.000 | | 92.000 |
| 30449 | RÚV reitur | Gatnaframkvæmdir og færsla á lögnum. Hluti verkefna fluttist á milli ára. | 55.000 | 36.060 | 55.000 |
| 30451 | Nauthólsvegur | Framkvæmdir við færslu stíga o.fl. í tengslum við nýtt deiliskipulag. | 0 | | 0 |
| 30452 | Bólstaðarhlíð | Framkvæmdum að mestu lokið. | 80.000 | 53.899 | 70.000 |
| 30454 | Gufunes | Byrjunarframkvæmdir ásamt for- og verkhönnun. | 120.000 | 70.712 | 100.000 |
| 30455 | Vigdísarlundur | Við Fossvogsveg. | 10.000 | 928 | 5.000 |
| 30457 | Hraunbær 103A | Aðkoma að nýrri lóð, færsla stíga. | 20.000 | 2.322 | 10.000 |
| 30456 | Skerjafjörður | Unnið að skipulagi og öðrum undirbúningi. | 50.000 | 35.663 | 50.000 |
| 30459 | Almannadalur, Fjárborg | Framkvæmdum frestað milli ára. | 0 | 195 | 0 |
| | 3104 | SAMTALS | 2.257.000 | 1.235.984 | 2.102.350 |

3104 NÝBYGGINGAHVERFI

VERKSTÖÐUSKÝRSLA NÝFRAMKVÆMDA JANÚAR - SEPTEMBER 2018



ELLIÐAVOGUR - VOGABYGGÐ



HLÍÐARENDASVÆÐI

| 3105 MIÐBORGIN | | | | | |
|----------------|---|--|----------------------|----------------|---------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 30508 | Pósthússtræti | Endurgerð götu. Hluti framkvæmdar frestast að hluta vegna varðveislu Steinbryggju. | 40.000 | 33.754 | 40.000 |
| 30509 | Hverfisgata | Breyting á gangstéttum og hluta af götu vegna aðlögunar að nýbyggingum á gatnamótum Hverfisgötu og Frakkastígs. Lóðarhafi mun bera kostnað að mestu leyti. | | 5.881 | 6.000 |
| 30510 | Pingholt „Torgin þrjú“ | Endurgerð Freyjutorgs og niðursetning djúpgáma. Endurgerð neðsta hluta Óðinsgötu við Freyjutorg. | 90.000 | 41.292 | 90.000 |
| 30513 | Frakkastígur, endurgerð 2. og 3. áfangi | Ný gatnamót Frakkastígs og Sæbrautar ásamt gönguleiðum. Framkvæmdum frestað. | 15.000 | 7.516 | 10.000 |
| 30515 | Smiðjustígur þmt stígur/torg | Eftirstöðvar framkvæmda við Smiðjustíg og Hljómalindarreit. | | 5.796 | 6.000 |
| 30517 | Laugavegur endurbætur | Hlemmur - Katrínartún. Undirbúningur | 10.000 | 8.556 | 10.000 |
| 30518 | Torg á mótum Pósthússtrætis og Tryggvagötu | Bæjartorg, Tryggvagata 13-15, frágangur norðan húss. | 82.000 | 27.100 | 82.000 |
| 30519 | Tryggvagata 19 - Kolaportið | Sorpgeymsla og starfsmannaaðstaða. | | 337 | 337 |
| 30521 | Hafnarstræti, endurgerð | Framkvæmdir milli Pósthússtrætis og Tryggvagötu. Eftirstöðvar frá fyrra ári. | | 1.951 | 2.000 |
| 30522 | Hlemmur torg | Undirbúningur | 10.000 | 5.777 | 10.000 |
| 30523 | Austurstræti og Lækjartorg | Ýmsar lagfæringar á yfirborði Lækjatorgs. Hugmyndasamkeppni um endurgerð Lækjatorgs og Austurstrætis. | 50.000 | 15.919 | 30.000 |
| 30526 | Tryggvagata, endurgerð (Pósthússtræti að Lækjargötu). | Endurgerð götu. Kostnaður eykst m.a. vegna fornminja. | 100.000 | 96.479 | 130.000 |
| 30527 | Viti- og útsýnispallur við Sæbraut | Í samvinnu við Faxaflóahafnir. Stefnt að því að Viti verði settur upp í desember. | 150.000 | 101.087 | 150.000 |
| 30528 | Haðarstígur endurgerð | Endurgerð götu. Hönnun lokið. Framkvæmdum frestað. | 10.000 | 8.561 | 10.000 |
| 30529 | Naustatorg | | 10.000 | 4.474 | 10.000 |

| 3105 MIÐBORGIN | | | | | |
|----------------|-------------------|--|----------------------|----------------|----------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 30862 | Tryggvagata 13-15 | Gerð torgs í samvinnu við lóðarhafa T13. Eftirstöðvar frá fyrra ári. | | 16.899 | 17.000 |
| | 3105 | SAMTALS | 567.000 | 381.378 | 603.337 |

3105 ENDURNÝJUN Í MIÐBORGinni

VERKSTÖÐUSKÝRSLA NÝFRAMKVÆMDA JANÚAR - SEPTEMBER 2018

AUSTURSTRÆTI - LÆKJARTORG



ENDURGERÐ TRYGGVAGÖTU



BÆJARTORG



GAMLA STEINBRYGGJAN

| 3106 / 3107 UMHVERFIS- OG AÐGENGISMÁL | | | | | |
|---------------------------------------|--|---|----------------------|----------------|---------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 30602 | Gangbrautarljós | Gangbrautarljós við Suðurgötu. | 20.000 | 177 | 10.000 |
| 30604 | Gönguleiðir í eldri hverfum | Endurnýjun á ýmsum stöðum. | 130.000 | 125.389 | 130.000 |
| 30608 | Reiðstígar | Framkvæmdir í samráði við Fák. | 5.000 | 14.222 | 15.000 |
| 30609 | Ýmsar framkvæmdir | Hönnun og undirbúningur. | 25.000 | 1.233 | 10.000 |
| 30610 | Göngu- og hjólastígar. Hjólreiðaáætlun o.fl. | Suðurlandsbraut (Langholtsvegur-Engjavegur), Elliðarárdalur, Höfðabakki-Reykjanesbraut, Kringlumýrabraut frá Miklubraut - Bústaðavegur, Birkimelur, Bústaðarvegur o.fl. | 510.000 | 294.086 | 510.000 |
| 30617 | Göngubrú v Norðlingaholt | Eftirstöðvar. | | 306 | 306 |
| 30619 | Hjólastandar og skýli | Á ýmsum fjölförnum stöðum. | 30.000 | 7.749 | 10.000 |
| 30626 | Strætóskýli, endurnýjun | Unnið að undirbúningi. | 20.000 | 4.197 | 20.000 |
| 30627 | Ruslastampar | Nýjir ruslastampar. | 10.000 | 4.041 | 10.000 |
| 30628 | Brautarholtsstígar | Undirbúningur. Unnið að samningum við landeigendur. | | 290 | 1.000 |
| 30630 | Sýningarstandar | Lokafrágangur steyptra standa. | 2.000 | 4.421 | 5.500 |
| 30631 | Snorrabraut | Undirbúningur | 10.000 | | 5.000 |
| 30633 | Götulýsing | LED væðing. | 100.000 | 8.800 | 80.000 |
| 30634 | Sundlaugavegur | Lagfæring á hellulögn norðan stúku. | 25.000 | 17.586 | 20.000 |
| 30635 | Breiðholtsbraut | Stígakerfi og umhverfisfrágangur við nýja göngu- og hjólabrú yfir Breiðholtsbraut. Unnið með Vegagerðinni. Ný grenndarstöð. | 50.000 | 32.329 | 60.000 |

| 3106 / 3107 UMHVERFIS- OG AÐGENGISMÁL | | | | | |
|---------------------------------------|---|---|----------------------|----------------|------------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 30636 | Hleðslustöðvar | Framkvæmdir á ýmsum stöðum. | 80.000 | 66.986 | 80.000 |
| 30637 | Lífræðileg fjölbreytni, endurheimting votlendis | Undirbúningur og hönnun hafin. Framkvæmdir áætlaðar í haust. | 30.000 | 2.583 | 10.000 |
| 30638 | Vatnspóstar | Uppsetning og kaup á tíu vatnspóstum. | 20.000 | 5.162 | 20.000 |
| | 3106 | SAMTALS | 1.067.000 | 589.558 | 996.806 |
| 30703 | Hraðahindrandi aðgerðir, vástaðir | Framkvæmdir á ýmsum stöðum. Ekki næst að ljúka nema hluta verkefna. | 80.000 | 22.520 | 50.000 |
| | 3107 | SAMTALS | 80.000 | 22.520 | 50.000 |
| | 3106 og 3107 | SAMTALS | 1.147.000 | 612.078 | 1.046.806 |

3106 / 3107 UMHVERFIS- OG AÐGENGISMÁL
VERKSTÖÐUSKÝRSLA NÝFRAMKVÆMDA JANÚAR - SEPTEMBER 2018



HJÓLREIÐAÁÆTLUN - KRINGLUMÝRARBRAUT



ENDURGERÐ GÖNGULEIÐA -



GÖNGUBRÚ MILLI SELJAHVERFIS OG FELLAHVERFIS

| 3108 ÝMSAR FRAMKVÆMDIR | | | | | |
|------------------------|------------------------|---|----------------------|----------------|---------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 30812 | Ýmsar framkvæmdir | Framkvæmdir í Túngötu við Indverska sendiráðið. | | 1.024 | 1.024 |
| 30814 | Götulýsing, endurnýjun | Endurnýjun ljósastólpa, ljósabúnaðar og götuljósaskápa. | 100.000 | 70.173 | 100.000 |
| 30815 | Umferðarljós | Endurbætur. | 50.000 | 8.161 | 20.000 |
| 30816 | Umferðarskilti | Ný skilti, söfnunarstaðir ferðamanna. | 20.000 | 5.037 | 20.000 |
| 30817 | Malbik yfirlög | Framkvæmdir víðsvegar í borginni. | 1.400.000 | 1.084.595 | 1.400.000 |
| 30830 | Víðidalur | Reiðstígar o.fl. | 8.000 | -1.255 | -1.255 |
| 30843 | Sorpílát | Innkaup á sorpílátum. | 20.000 | 13.237 | 20.000 |
| 30846 | Grenndarstöðvar | Endurnýjun fimm grenndarstöðva. | 30.000 | 655 | 15.000 |
| 30847 | Hljóðvarnir | Hljóðveggir við Kringlumýrabraut. Undirbúningur verkefna næstu ára. | 200.000 | 62.132 | 200.000 |
| 30848 | Grasagarður | Endurskipulagt miðsvæði garðsins og fjölæringabeð o.fl. Eftirstöðvar vegna snemmkomins veturs. Lagfæringar í kringum Fyssu og aðliggjandi gangstígar. | 35.000 | 31.601 | 35.000 |
| 30849 | Klambratún | Framhaldsverk við setstalla og torg. Eftirstöðvar vegna snemmkomins veturs. | 15.000 | 20.309 | 21.000 |
| 30851 | Hljómskálagarður | Viðburðakassar. | | 5.208 | 5.500 |
| 30852 | Tjörnin | Endurnýjun á tjarnarbakka, gróðursvæðum og hellulögn. | 10.000 | 1.278 | 17.000 |

| 3108 ÝMSAR FRAMKVÆMDIR | | | | | |
|------------------------|----------------------------------|---|----------------------|------------------|------------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 30853 | Vatnsmýri | Unnið að framkvæmt á göngubryggju og stígatengingu í Vatnsmýri við Norrænahúsið. Verklök áætluð í júlí. | 65.000 | 58.024 | 65.000 |
| 30854 | Önnur svæði | Endurhönnun aðkomu að Breiðholtslaug og Vesturbæjarlaug. | 45.000 | 14.931 | 30.000 |
| 30856 | Undirbúningur verkefna næsta árs | Undirbúnings- vinna. | 25.000 | 27.332 | 30.000 |
| 30858 | SMART lausnir | Unnið að mótun SMART CITY verkefna o.fl. | 54.600 | 61.982 | 63.000 |
| 30859 | Gufunes, heildarsvæði | Verður fært. | | 605 | 0 |
| 30860 | Almenningssalerni | Hönnun og útboð á rekstri nýrra salerna á núverandi stöðum. Áherslur á aðgengismál. | 15.000 | 427 | 5.000 |
| 30861 | Borgarlínan-samgönguás | Undirbúningsvinna. | 100.000 | 13.929 | 30.000 |
| 30865 | Mjódd, endurnýjun útisvæðis | Forhönnun athafnasvæðis strætó í Mjódd. | 10.000 | 1.030 | 8.000 |
| | 3108 | SAMTALS | 2.202.600 | 1.480.415 | 2.084.269 |



MALBIKSFRAMKVÆMDIR



GÖNGUBRYGGJA VIÐ NORRÆNA HÚSIÐ

| 2101 ÁHÖLD, TÆKI OG HUGBÚNAÐUR | | | | | |
|--------------------------------|-------------------------|--|----------------------|----------------|------------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 20157 | Borgartún 12 - 14 | Breytingar á húsnæði og kaup á búnaði. | 45.000 | 19.177 | 45.000 |
| 20841 | Rafrænt þjónustuver | Tilfærsla heimildar frá vnr. 30858. | 80.000 | 67.597 | 80.000 |
| 80001 | Ný upplýsingakerfi | Hugbúnaður UTM samkvæmt áætlun. | 400.000 | 254.715 | 400.000 |
| 80002 | Kaup á bifreiðum | Kaup á flokkabílum skv. áætlun. | 90.000 | 12.565 | 90.000 |
| 80008 | Kaup á ýmsum tækjum | | 58.500 | 30.279 | 58.500 |
| 80010 | Kaup á sorpbíl | | 50.500 | | 50.500 |
| 80009 | Endurnýjun tölvubúnaðar | Endurnýjun tölvubúnaðar samkvæmt áætlun. | 405.000 | 305.569 | 405.000 |
| | 2101 | SAMTALS | 1.129.000 | 689.902 | 1.129.000 |

| 2112 ÁHÖLD OG TÆKI BÍLASTÆÐASJÓÐS | | | | | |
|-----------------------------------|-----------------------------------|----------------------|----------------------|----------------|----------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 80012 | Uppfærsla á Parkeon miðamælakerfi | Lokið. | 150.000 | 111.724 | 120.000 |
| | 2112 | SAMTALS | 150.000 | 111.724 | 120.000 |

2101 ÁHÖLD, TÆKI OG HUGBÚNAÐUR
VERKSTÖÐUSKÝRSLA NÝFRAMKVÆMDA JANÚAR - JÚNÍ 2018



BORGARLÍNAN



BORGARTÚN 12-14

| 4101 / 4102 LÓÐIR, LÖND OG SKIPULAGSEIGNIR | | | | | |
|--|--------------------------------------|---|----------------------|------------------|------------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 20253 | 4101 | Kaup vegna skipulagseigna- Víðinesvegur 30, Harðarhagi 47, Sævarhöðfi 33, Borgartún 6, Völvufell og Arnarbakki | 2.220.920 | 2.325.137 | 2.240.153 |
| 20253 | 4102 | | | | |
| 20225 | Norðurpóll | | | | |
| 20277 | Umferðarmiðstöð | Breytingar. | 10.000 | 6.614 | 10.000 |
| 20281 | Þróunarverkefni | Ný byggingarsvæði, þróun og uppbygging. | 170.780 | 199.519 | 220.780 |
| 20777 | Kirkjugarður í hlíðum Úlfarsfells | Gerð umhverfismats og framkvæmdir tengdar jarðvegsfyllingum í kirkjugarðinn. | 50.000 | 31.192 | 50.000 |
| | Grandagarður 1a | Kaup | 88.000 | | 88.000 |
| | 4101 | SAMTALS | 2.539.700 | 2.562.462 | 2.608.933 |



SÆVARHÖFÐI 33

| 7101 / 7102 ENDURBÆTUR OG MEIRHÁTTAR VIÐHALD + ÁTAKSVERKEFNI | | | | | |
|--|--|---|----------------------|----------------|------------------|
| VERK NR | VERKHEITI | VERKEFNI - VERKSTAÐA | ENDURSK. ÁÆTLUN 2018 | KOSTNST 201809 | ÁÆTLUÐ ÚTKOMA |
| 20236 | Endurbætur og meirih. viðhald fasteigna (7101) | Unnið samkvæmt lista yfir sérstök átaksverkefni þar sem verkum hefur verið forgangsraðað. | 550.000 | 477.747 | 570.000 |
| 20240 | Leikvellir, torg og opin svæði (7102). | Lúkning framvæmda frá fyrra ári á fimm leiksvæðum. Endurnýjun götutrjá í Bryggjuhverfi. Hönnun leiksvæða sem koma til framkvæmda 2018 og 2019. Hefðbundnar framkvæmdir við torg í biðstöðu. | 90.000 | 37.347 | 90.000 |
| 20249 | Betri hverfi "hverfapottar" (7102) | Hönnun og framkvæmd verkefna samkvæmt íbúakosningu 2017 og 2018 um "Betri Hverfi". | 450.000 | 346.793 | 450.000 |
| 71001 | Undirbúningur og umsjón átaksverka | Færast á verknr. 20236. | | 10.002 | 0 |
| | 7102 | SAMTALS | 1.090.000 | 871.889 | 1.110.000 |



ENDURGERÐ Á LEIKSVÆÐI VIÐ TRADALAND



HVERFIÐ MITT - VAÐLAUG Í HLJÓMSKÁLAGARÐI

Vesturbæjarskóli – Viðbygging og breytingar í eldra húsi.

Hér er gerð grein fyrir framvindu verksins, breytingum og viðbótum, kostnaðaráætlunum og sett fram áætlun um endanlegan raunkostnað. Allar kostnaðartölur eru reiknaðar á fast verðlag í september 2018, m.v. vísitölu byggingakostnaðar 139,9 stig.

1. Inngangur

Vesturbæjarskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1. - 7. bekk. Við skólann stunda um 355 nemendur nám. Skólinn fagnar 60 ára afmæli árið 2018.

2. Samþykktir borgarráðs

Borgarráð samþykkti á fundi sínum þann 4. desember 2014 að heimila umhverfis- og skipulagssviði að hefja fullnaðarhönnun til útboðs á viðbyggingu Vesturbæjarskóla ásamt endurbótum / breytingum á eldra húsi sem tengjast viðbyggingu ásamt endurbótum á frístundaheimilinu við Vesturvallargötu. Þá var kynnt **Kostnaðaráætlun 1** sem var 876 mkr. Kostnaðaráætlun 1 hefur skekkjumörk -25 % til +35 %.

Borgarráð samþykkti 13. ágúst 2015 að heimila umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við 1340 m² viðbyggingu Vesturbæjarskóla ásamt breytingum í eldra húsi. Þá var kynnt **Kostnaðaráætlun 2** sem var 904 mkr. Kostnaðaráætlun 2 hefur skekkjumörk -10 % til +15 %.

Borgarráð samþykkti svo 28. apríl 2016 breytt erindi vegna viðbyggingar við Vesturbæjarskóla. Stærð viðbyggingar er óbreytt 1340 m² en breytingar í eldra húsi umfangsmeiri en áður var gert ráð fyrir. Þá var kynnt **breytt Kostnaðaráætlun 2** sem var 1.018,- mkr.

3. Undirbúningur og hönnun

Á grundvelli ákvæða höfundarréttar var samið við Teiknistofu Ingimundar Sveinssonar um hönnun viðbyggingar og breytingar í eldra húsi í mars 2015. Á sama grundvelli var samið um verkfræðihönnun við verkfræðistofurnar Víðsjá ehf og Mannvit ehf.

Hönnun fór fram á árunum 2015-2016.

4. Framkvæmdir

Tilboð í jarðvinnu voru opnuð í ágúst 2015. Samið var við lægstbjóðanda Karínu ehf. Tilboðsupphæð var 12,6 mkr.

Tilboð í uppsteypu og fullnaðarfrágang viðbyggingar voru opnuð í desember 2016. Samið var við lægstbjóðanda LNS Sögu ehf (síðar Munck Íslandi ehf). Tilboðsupphæð var 633 mkr. (99,09%).

Þá var vinna við eftirlit boðin út í sérstöku útboði og var samið við Verkís hf.

Framkvæmdum við viðbyggingu mun að mestu ljúka á árinu 2018.

Nýtt skipulag vegna stækkunar lóðar Vesturbæjarskóla var samþykkt í september 2018. Áætlað er að endurgerð allrar lóðarinnar fari fram síðar. Sá kostnaður er ekki hluti af kostnaði viðbyggingar.

Þá verður frestað um sinn áður fyrirhuguðum framkvæmdum við endurbætur á frístundaheimilinu við Vesturvallargötu.

5. Kostnaður

Eftirfarandi viðbótarverkefni og breytingar sem fallið hafa á verkefnið eru utan þeirrar Kostnaðaráætlunar 2 sem samþykkt var í apríl 2016:

- a) Frestað er um sinn frekari endurbótum og breytingum á frístundaheimili við Vesturvallargötu (-40 mkr.).
- b) Framkvæmdir Minjaverndar við lagfæringar á flutningshúsum við Hringbraut 116 (20 mkr.).
- c) Íþróttasalur og búningssklefar. Endurbætur og breytingar. (15 mkr.)
- d) Smíðastofa í eldra húsi. Endurbætur og breytingar. (10 mkr.).

Kostnaðaráætlun 2 sem samþykkt var í apríl 2016 að teknu tilliti til ofangreindra breytinga og viðbótarverkefna er því **1.023,- mkr.**

Endanlegur raunkostnaður við viðbyggingu Vesturbæjarskóla og breytingum í eldra húsi er nú áætlaður að verði **1.200 mkr.** (verðlag í september 2018). Kostnaður er uppreiknaður og samanlagður raunkostnaður árána 2015 -2018.

Mismunur áætlaðs raunkostnaðar og Kostnaðaráætlunar 2 að teknu tilliti til viðbótarverkefna er því 177 mkr. sem er hækkun upp á 17,3 %.

Ástæður þessa eru að nokkuð hefur komið til af viðbótar- og aukaverkum á framkvæmdatímanum sem má rekja til þess verksgögn náðu ekki að endurspegla allt verkefnið og þá sérstaklega ekki þann hluta verksins sem fram fór í eldri hluta skólans og tengingu nýbyggingar við hann.

6. Fjárheimildir

Fjárhagsáætlun 2015-2018 (bæði ár meðtalin) gerir ráð fyrir alls 1.060 mkr. vegna viðbyggingar við Vesturbæjarskóla. Útkoma ársins 2018 er nú áætluð 750 mkr. sem er 260 mkr. hærra en samþykkt áætlun gerir ráð fyrir.

Klettaskóli – Viðbygging og breytingar í eldra húsi

Hér er gerð grein fyrir framvindu verksins, breytingum og viðbótum, kostnaðaráætlunum og sett fram áætlun um endanlegan raunkostnað. Allar kostnaðartölur eru reiknaðar á fast verðlag í september 2018, m.v. vísitölu byggingakostnaðar 139,9 stig.

1. Inngangur

Klettaskóli er sérskóli á grunnskólastigi með fjölbreyttan hóp einstaklinga með mismunandi náms- og félagslegar þarfir. Hann þjónar öllu landinu. Skólinn varð til við samruna Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla. Í skólanum er aðstaða fyrir 80-100 nemendur. Þarfir nemenda kalla á mikinn sveiganleika varðandi húsnæði, búnað og starfshætti. Líkamleg hreyfing og þjálfun er mjög mikilvæg og er því bæði sundlaug og íþrótt- og frístundaaðstaða í skólanum.

2. Samþykktir borgarráðs

Á fundi borgarráðs hinn 9. febrúar 2012 var samþykkt að heimila framkvæmda- og eignasviði að hefja vinnu við verkhönnun vegna viðbyggingar við Klettaskóla ásamt breytingum á hluta eldra húsnæðis. Hönnun skyldi vera í samræmi við tillögur sem fram komu í forsögn starfshóps um húsnæðismál sérskóla dags. í janúar 2012.

Í forsögn starfshópsins kom fram að byggja þyrfti um 3400 m² viðbyggingu sem m.a. er í íþróttaaðstaða og sundlaug og breyta um 1000 m² í eldra húsnæði Klettaskóla.

Heildarkostnaður framkvæmda var þá áætlaður 2.762,- mkr. Um var að ræða Kostnaðaráætlun 1 byggð á áætluðum m²-stærðum viðbyggingar annars vegar og m²-stærðum vegna breytinga í eldra húsnæði hins vegar. Kostnaðaráætlun 1 hefur skekkjumörk -25 % til +35 %.

Borgarráð samþykkti á fundi 26. mars 2015 að heimila umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við viðbyggingu Klettaskóla ásamt breytingum í eldra húsnæði á grundvelli Kostnaðaráætlunar 2 sem hljóðaði upp á **2.952 mkr.** Í þeirri áætlun áætlun er gert ráð fyrir að breyta þurfi 1000 m² í eldra húsi. Ekki er í áætluninni gert ráð fyrir endurnýjun á eldri sérkennslubúnaði.

Kostnaðaráætlun 2 hefur skekkjumörk -10 % til +15 %.

3. Undirbúningur og hönnun

Á grundvelli ákvæða höfundarréttar var samið við OG arkitektastofuna ehf um hönnun viðbyggingar og breytingar í eldra húsi í júlí 2012. Verkfræðihönnun var boðin út í nóvember 2012 og samið við lágstbjóðanda VSÓ ráðgjöf ehf.

Breyta þyrfti deiliskipulagi og var nýtt skipulag samþykkt í borgarráði 7. nóvember 2013. Nýtt deiliskipulag var kært til skipulagsstofnunar sem úrskurðaði borginni í hag 2. september 2015.

Skipulagsvinna og verkhönnun til útboðs fór fram á árunum 2012-2014. Við hönnun var m.a. tekið margvíslegt tillit til ábendinga og athugasemda nággranna. Allt ytra fyrirkomulag viðbyggingar miðar þannig að því að ásýnd gagnvart aðliggjandi byggð sé sem mildust og er hluti viðbyggingarinnar felldur inn í landið. Að hluta til þurfti að endurskoða fyrirbyggjandi hönnun vegna þessa.

4. Framkvæmdir

Upphafa framkvæmda var vorið 2015. Jarðvinna vegna viðbyggingar var boðin út í sérstöku útboði. Samið var við lægstbjóðanda Suðurverk ehf. Tilboðsupphæð var kr. 75,2 mkr.

Tilboð í viðbyggingu og áætlaðar breytingar í eldra húsi voru opnuð í ágúst 2015. Samið var við lægstbjóðanda Ístak hf. Tilboðsupphæð var kr. 1.835,- mkr. sem var 2,5 % yfir kostnaðaráætlun. Framkvæmdir við uppsteypu hófust svo í september 2015.

Þá var vinna við eftirlit boðin út í sérstöku útboði og var samið við verkfræðistofuna Hnit hf.

Framkvæmdum mun að mestu ljúka á árinu 2018. Áður hafði verið gert ráð fyrir að vinna við endurgerð lóðar færi fram á árinu 2019 en vegna þess rasks sem orðið hafði á lóðinni við framkvæmdir var endurgerðinni flýtt og hún framkvæmd á árinu 2018.

5. Kostnaður

Eftirfarandi viðbótarverkefni sem fallið hafa á verkefnið eru utan Kostnaðaráætlunar 2 sem samþykkt var mars 2015:

- Endurnýjun kennslubúnaðar.

Í upphafi var gert ráð fyrir að nota þann búnað sem fyrir var í skólanum og því ekki gert ráð fyrir þeim kostnaði í áætlun. Á framkvæmdatímanum hefur komið í ljós að eldri búnaður var úr sér genginn og þarfnaðist mun meiri endurnýjunar en lagt var upp með. Þróun kennslu- og hjálpartækja hefur auk þess tekið miklum framförum á skömmum tíma auk þess sem krafa um aðstöðu fatlaðra og þroskahamlaðra nemenda hefur aukist í samfélaginu. Nemendum í skólanum hefur fjölgað frá því sem gert var ráð fyrir í byrjun með tilheyrandi búnaðarþörf. Ekki var sundlaug í gamla skólanum en lítill íþróttasalur illa tækjum búinn. Kostnaður utan Kostnaðaráætlunar 2 er að upphæð 200 mkr.

- Endurgerð eldra húsnæðis.

Í upphaflegum forsendum var áætlað að endurgera þyrfti 1.000 m² í eldri hluta skólans samhliða viðbyggingu. Á hönnunarstigi var brugðist við kærnum nággranna með breyttri hönnun viðbyggingar. Tenging við eldra hús varð viðameira og inngrip með allt öðrum hætti en upphaflega stóð til. Þannig virkjaðist núverandi byggingareglugerð gagnvart öllu eldra húsnæði sem í heild er u.þ.b. 3.000m². Allir innveggir úr timbri voru fjarlægðir og nýjir settir upp. Þá kom í ljós asbest í hluta af loftum sem var fjarlæggt. Kröfur um brunavarnir, hljóðvist, aðgengi og lýsingu fyrir fatlaða einstaklinga voru uppfylltar í samræmi við það sem best þekkist. Lagnir voru endurnýjaðar, lagður nýr gólfdukur, ný salerni og bætt við lyftubrautum samhliða því sem eldri úr sér gengnum brautum var skipt út. Kostnaður utan Kostnaðaráætlunar 2 er að upphæð 300 mkr.

- Endurgerð eldri hluta lóðar.

Í áætlun var ekki gert ráð fyrir endurgerð á eldri hluta lóðar. Endurnýja þurfti fleiri leiktæki en áætlað var og einnig jukust kröfur til nýrra leiktækja m.a. eftir samráð við aðstandendur. Þá er nú gert ráð fyrir gervigrasvelli / leiksvæði innan lóðar skólans. Kostnaður utan Kostnaðaráætlunar 2 er að upphæð 150 mkr.

Kostnaðaráætlun 2 að teknu tilliti til ofangreindra breytinga og viðbótarverkefna er **3.602 mkr.**

Raunkostnaður við viðbyggingu Klettaskóla, endurgerð alls eldra húsnæðis, endurgerð lóðar og endurnýjun eldri kennslubúnaðar er nú áætlaður að verði **3.950 mkr.** Kostnaður er uppreiknaður og samanlagður raunkostnaður áráanna 2012 -2018.

Mismunur raunkostnaðar og Kostnaðaráætlunar 2 að teknu tilliti til viðbótarverkefna er því 352 mkr. til hækkunar eða 9,8 % sem er innan skekkjumarka áætlunargerðar.

Sú hækkun skýrist að eftirfarandi:

- Tilboð verktaka við viðbyggingu og endurgerð í ágúst 2015 var 2,5 % hærri en kostnaðaráætlun útboðs gerði ráð fyrir eða sem nemur rúmum 48 mkr.
- Vanáætlun við ýmsar aðgerðir sem tengjast því að framkvæmdir hafa farið fram jafnframt því sem starfsemi skólans hefur verið í gangi. Það fyrirkomulag hefur kallað á mikla samvinnu og skilning milli framkvæmdaraðila, skólastjórnenda, kennara, foreldra og nemenda. Metið var að flutningur starfseminnar væri mjög kostnaðarsamur og vandfundið tímabundið húsnæði sem hentaði. Nokkur kostnaður hefur fallið á verkefnið vegna þessa fyrirkomulags s.s. vegna aukins umfangs tímabundinna lokana og tilfærslur á starfsemi.

6. Útkoma ársins 2018.

Ofangreindur kostnaðarauki hefur fallið á verkefnið allt frá því að framkvæmdir hófust. Mestur er kostnaðaraukinn á árinu 2018 vegna framkvæmda við endurgerð lóðar við eldri hluta skólans og vegna kaupa á nýjum sérhæfðum kennslubúnaði. Útkoma ársins 2018 er því áætluð 370 mkr. hærri en samþykkt áætlun 2018 gerir ráð fyrir og er áætluð útkoma ársins 1.150 mkr.
